



5. fundur stjórnar Aftureldingar 31. maí 2012

Fundur settur kl. 18:15 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Helga Jóhannesdóttir, Hekla Klemenzdóttir og Kristín Reynisdóttir. Gylfi Gíslason boðaði forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Íþróttafulltrúi Aftureldingar.
2. Skrifstofuaðstaða.
3. Uppgjör við fyrrv. Framkvæmdastjóra.
4. Félagsfatnaður Safalinn/Errea.
5. Landsmót 50+.
6. Viðbygging/stálgrindarhús.
7. Handbolti – mfl kvk og mfl kk.
8. Tungubakkar.
9. Svör knattspíd við spurningum aðalstjórnar.
10. Fá lögfræðing til að taka að sér mál fyrir UMFA.

1. Íþróttafulltrúi. Auglýst hefur verið eftir íþróttafulltrúa í gegnum Hagvang. Umsóknarfrestur er til 14. júní. Verið er að ganga frá samningi við bæinn vegna fjárhæðar þeirrar sem hann leggur til starfsins.
2. Skrifstofuaðstaða félagsins. Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með fulltrúum bæjarins og m.a. rætt að félagið fengi allt rýmið og ekki hluta eins og hafði komið upp fyrir síðasta stjórnarfund. Rætt um kostnaðinn við að gera rýmið tilbúið til notkunar. Send hefur verið beiðni til bæjarráðs um fjárveitingu. Formaður upplýsti að eigandi Eldingar hafi mótmælt áætlunum um skrifstofuaðstöðuna við bæjarstjóra og sent bréf þess efnis til formanns félagsins. Formaður fundaði með bæjarstjóra og eru ekki breytingar á afstöðu bæjaryfirvalda hvað varðar skrifstofuaðstöðuna. Formaður og framkvæmdastjóri munu fylgja því eftir að málið gangi eftir.
3. Uppgjör við fyrrv. framkvæmdastjóra. ÞJ hefur ekki gefið sér tíma til að hitta stjórnarmenn félagsins til að ganga frá starfslokum. Formaður mun reyna að fá hann á fund í síðasta lagi fyrir miðja næstu viku.
4. Félagsfatnaður Safalinn/Errea. Fundað hefur verið með Safalinn/Errea og farið yfir málin varðandi samninga félagsins. Enn er verið að reyna að vinna í að fá þær vörur sem ekki voru teknar út 2011. **Frá og með 2012 er ljóst að ekki verður unnt að flytja vörur milli ára.** Framkvæmdastjóri mun senda formönnum deilda bréf þar sem áréttað verður að það er á ábyrgð þeirra, þ.e. formanna, að taka allar vörur út fyrir áramót ár hvert.

Errea hefur opnað verslun í Dugguvogi þar sem hægt er að kaupa félagsfatnað.

5. Undirbúningur 50+. Skráningar ganga vel, nú þegar eru á 4 hundrað þátttakendur skráðir. Fundað hefur verið með formönnum deilda og munu þeir sjá um að manna stöður. Setning mótsins verður kl 19 á föstudeginum 8. júní.
6. Viðbygging/stálgrindarhús. Fundað hefur verið með bardagadeildum varðandi innra skipulag hússins. Formaður karatedeildar hafði sent formanni aðalstjórnar bréf sem farið var yfir á fundinum. Í því bréfi kemur fram að deildin sé ekki sátt við þá niðurstöðu sem kynnt var á fundi með henni. Formaður fimleika hefur ekki getað mætt á fund.
7. Handbolti – mfl kvk og mfl kk. Formaður sagði frá bréfi sem borist hafði frá Svövu Baldvinsdóttur vegna mfl. kvk í handbolta varðandi skiptingu meistaraflokksstyrkja. Framkvæmdastjóri og formaður munu funda með bréfitara. Einnig var rætt um beiðni mfl kk í handbolta varðandi net í sa 2. Frestað til næsta fundar.
8. Tilkynnt að Herbert Pedersen hafi verið ráðinn sem vallarstjóri Tungubakka í sumar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 20:10

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari aðalstjórnar.